

Dómsmálaráðuneyti

Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2023

Tilvísun PÍ: 2023030534/7.5.0

Efni: Umsögn Pjóðskrár Íslands um breytingar á kosningalögum (mál nr. 42/2023)

Pjóðskrá Íslands hefur farið yfir drög að frumvarpi til laga um breytingu á kosningalögum nr. 112/2021 (mál nr. 42/2023), sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. febrúar 2023. Stofnunin telur umræddar breytingar þarfar og hefur engar veigamiklar athugasemdir, en vill þó koma eftirfarandi á framfæri við ráðuneytið:

Varðandi c-lið 24. gr. frumvarpsdraga:

Sýslumenn hafa aðgang að svokölluðu utankjörfundarkerfi sem birtir ekki kjörskrá í heild, heldur veitir aðgang að uppfléttingu í kjörskrá. Pjóðskrá Íslands bendir á hvort e.t.v. sé heppilegra að vísa til „útprentunar úr utankjörfundarkerfi“ í stað „útprentunar úr kjörskrá“, og væri þá hægt að skýra nánar í greinargerð að um sé að ræða lista yfir þá kjósendur sem hafa skilað utankjörfundaratkvæði í tilteknu umdæmi.

F.h. Pjóðskrár Íslands



Finnur Martelinn Sigurðsson
Lögfræðingur

Pjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is